

Reglur um innritun í grunnskóla Þingeyjarsveitar og skilgreining á skólahverfum.

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Þingeyjarsveitar. Í Þingeyjarsveit eru starfandi þrjár grunnskólar; Reykjahlíðarskóli, Stórutjarnaskóli og Þingeyjarskóli.

Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla í allt að 10 ár samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum. Samkvæmt lögnum er sveitarfélagum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu sem og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns samkvæmt barnalögum. Nemendur sem ná sex ára aldri á árinu og eru með lögheimili í Þingeyjarsveit eru innrituð í 1. bekk í sínum hverfisskóla eftir nafnalista úr íbúaskrá. Foreldrar bera ábyrgð á að börn séu skráð í grunnskóla. Vanræksla á skráningu grunnskólavistar í grunnskóla fyrir barn með lögheimili í Þingeyjarsveit er barnaverndarmál og tilkynningaskyld. Það gildir sömuleiðis ef nemendur sækja ekki skóla án lögmætra forfalla þrátt fyrir að vera með skólavist.

Skólahverfi

Skólahverfi Stórutjarnaskóla er vestan Fljótsheiðar og nær að Ljósveitningabúð. Skólahverfi Þingeyjarskóla er austan Fljótsheiðar og suður að Ljósveitningabúð í Kinn. Skólahverfi Reykjahlíðarskóla er Mývatnssveit.

Umsóknir utan skólahverfis

Foreldrar eiga þess kost að sækja um skóla fyrir börn sín í hvern þann skóla sem þau óska eftir í sveitarfélaginu. Þó eiga nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi alltaf rétt og forgang á skólavist í sinn hverfisskóla. Umsóknir um skólavist utan lögheimilishverfis skulu hafa borist eigi síðar en 30. apríl það ár sem skólavistin hefst að hausti. Umsóknir um skólavist utan skólahverfis eru unnar og afgreiddar í samvinnu við viðkomandi skóla og fræðslufirvöldum Þingeyjarsveitar, í þeirri vinnu er tekið mið af eftirfarandi þáttum:

Húsnæði, rými og aðstöðu skólans

Nálægð heimilis við skóla

Hvort systkini stunda nám við sama skóla

Sérþarfir nemenda

Aðrar persónulegar aðstæður eða sérstakar aðstæður nemenda og/eða fjölskyldu

Sé umsókn um skólavist utan skólahverfis hafnað skal tilkynna foreldrum það skriflega og skýra ástæður ákvörðunarinnar. Foreldrar geta skotið slíkri afgreiðslu til fræðslu- og velferðarnefndar. Nemendur sem hlotið hafa skólavist utan lögheimilisskólahverfis hafa sama rétt til þjónustu skólans og nemendur úr skólahverfi skólans. Þó tryggir sveitarfélagið ekki skilyrðislaust skólaakstur.

Leiðbeinandi sjónarmið til foreldra og skóla um ýmis atriði er varða skólavist:

Barn á grunnskólaaldri með lögheimili í Þingeyjarsveit getur aðeins verið skráð í einn grunnskóla á hverjum tíma óháð því hvort barn hafi búsetu á tveimur heimilum eða jöfn forsjá sé hjá foreldrum, svokölluð tvöföld skólavist er því ekki heimil.

Barn á grunnskólaaldri sem hefur búsetu í Þingeyjarsveit án þess að hafa lögheimili á Íslandi skal að öllu jöfnu sækja skóla í sveitarfélaginu.

Barn á grunnskólaaldri sem á lögheimili í Þingeyjarsveit en dvelur erlendis yfir lengri tíma (t.d. heilt skólaár) skal að öllu jöfnu sækja grunnskóla í viðkomandi landi. Í sumum tilvikum er mögulegt að veita undanþágu á skólasókn frá grunnskóla þótt dvalið sé í útlöndum vegna sérstakra aðstæðna eins og ef um er að ræða tímabundna dvöl, ekki er um fasta búsetu erlendis að ræða og mögulega fleiri atriði. Um slíkt skal sótt til skólastjóra grunnskólans sem leitar ráðgjafar fræðsluyfirvalda Þingeyjarsveitar ef þurfa þykir.

Ekki er heimilt að sækja fjarnám frá grunnskóla nema í einstaka námsgrein eða í stuttan tíma vegna fjarveru s.s. læknisferða eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna.

Gestanemendur

Gott skólastarf byggir á stöðugleika og öryggi. Þegar gestanemendur koma inn í bekki getur það haft í för með sér ööryggi fyrir einhverja nemendur, skipulag getur raskast og órói skapast meðal nemenda bekkjarins sem hefur áhrif á námsaðstæður nemenda og starfsaðstæður kennara.

Almennt er ekki tekið á móti gestanemendum. Ef brýn nauðsyn er fyrir hendi s.s. alvarleg veikindi í fjölskyldum getur skólastjóri gert undanþágu frá þeirri meginreglu.

Varðandi nemendur sem eru fyrrum nemendur skólans og langar að heimsækja fyrrum bekkjarfélag, þá skal hafa samband við skólastjóra sem tekur afstöðu til beiðninnar.

Skólavistunarföktun

Verkefnastjóri fjölskyldumála Þingeyjarsveitar er með vöktun á lögheimilisskráningu barna í upphafi hvers skólaárs til að tryggja að öll börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Þingeyjarsveit séu með skólavist á vegum sveitarfélagsins, það er í grunnskóla sveitarfélagsins eða öðrum skólum sem sveitarfélagið hefur samþykkt í einstaka tilvikum.

Samþykkt á 9. fundi fræðslu- og velferðarnefndar þann 24. apríl 2023.

Samþykkt á 25. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 17. maí 2023.